

„Gerum gott betra“

Kennsla og þjálfun fyrir útvarpsfólk



14. apríl, 2016

Kæra dagskrárgerðarfólk

Við kynnum uppbyggilega og skemmtilega vegferð sem við ætlum að hefja í maí 2016. Við bjóðum upp á námskeið fyrir dagskrárgerðarfólk Lindarinnar þar sem við skoðum hvernig við getum gert Lindina að enn betri útvarpsstöð og ykkur að enn betra dagskrárgerðarfólki.

Við höfum fengið til liðs við okkur leikstjórnann Kára Halldór Þórsson og mun hann taka á þáttum sem snerta tjáningu, öndun, upplestur, raddbeitingu og fleira. Hafsteinn og Signý taka fyrir hagnýt atriði sem snerta þáttagerð, viðtalstækni, íslenskt mál og hvernig við berum okkur að í útsendingu. Við köfum líka í spennandi hluti eins og *Hver er minn X-faktor? Hvað þýðir það að vera í „essinu“ sínu í útsendingu?* Allt miðar þetta að því að gera Lindina að betri útvarpsstöð og okkur sjálf í leiðinni.

Við hefjum leikinn **miðvikudagskvöldið 11. maí, 2016, kl. 18.** Fáum léttan kvöldverð, hlýðum á kennslu og eigum gagnvirkar umræður til kl. 21. Hugmyndin er að hittast tvisvar í vor, taka pásu í sumar, en hittast svo 5 sinnum næsta vetur. Töluverð rýnivinna verður milli kvölda ásamt heimavinnu. Útkoman ræðst því að miklu leyti á þínum áhuga og skuld-bindingu.

Þeir 7 námskeiðsdagar sem um ræðir eru 11/5, 8/6, 14/9, 12/10 og 14/11, 2016.

Síðan eftir áramót þá höldum við áfram og hittumst 15/2 og 15/3, 2017.

Atriði sem tekin verða fyrir:

- | | |
|---------------------------------------|--|
| • upplestur og raddbeiting | • tjáning „í rými“ |
| • öndun og líkamstjáning | • handbók Lindarinnar skoðuð |
| • viðtalstækni | • Hvernig tjáum við okkur þegar við erum í „essinu okkar“? |
| • fyrirmyndir okkar? Hverjar eru þær? | • einstaklingsmiðuð kennsla og heimaverkefni |
| • kækir og aukasmáorð | |
| • einbeiting vs. víðbeiting | |

Þar sem töluvert er lagt í námskeiðið þá höfum við verðlagt það á **32.000 kr.** per þátttakanda.

Markhópur: Dagskrárgerðarfólk og starfsfólk Lindarinnar, um 20-30 manns.

*f.h. Lindarinnar,
Hafsteinn G. Einarsson, útvarpsstjóri*